

Til aðila með ársskilamáta

– skil virðisaukaskatts fyrir árið 1999 –

Hjálagt fylgir virðisaukaskatts-
skýrsla vegna uppgjörstímabils-
ins 1999 með gjalddaga

7. febrúar n.k.

Virðisaukaskattsskýrslan er ekki
fylgigagn með skattframtali,
heldur ber að skila henni, ásamt
greiðslu (greiðsluskýrsla) eða
nauðsynlegum fylgigögnum (inn-
eignarskýrsla), eigi síðar en á
gjaldlega (7. febrúar nk.)

Greiðsluskýrsla skal skila,
ásamt greiðslu, eigi síðar en á
gjaldlega til innheimtumans
ríkissjóðs, banka, sparisjóðs eða
pósthúss.

Inneignarskýrsla skal skila
eigi síðar en á gjalddaga beint til
skattstjóra **ásamt**

- 1) afriti af ársreikningi 1999
- 2) eða hreyfingallstum inn- og
útskatts 1999
- 3) eða ljósriti af bókhaldshefti
1999.

**Fylgi umrædd gögn ekki
inneignarskýrslu má búast
við því að skattstjóri hafni
skýrslu og áætli virðis-
aukaskatt.**

Hjálagt fylgja einnig orðsending-
ar vegna virðisaukaskatts nr.
3/1999 (um veltusundurliðun) og
1/2000 (um skýrsluskil í

tengslum við skattframtal),
ásamt leiðréttingarskýrslu virðis-
aukaskatts (RSK 10.26).

Leiðréttingarskýrslu virðisauka-
skatts skal skila til innheimtu-
manns (greiðsluskýrsla) eða
skattstjóra (inneignarskýrsla) ef
breyting verður á forsendu árs-
skilamáta (ef skattskyld velta
nær 800.000 kr. á almanaksári)
eða ef leiðrétt þarf áður inn-
senda virðisaukaskattsskýrslu.

**Nánari upplýsingar veita
gjaldaskrifstofa ríkisskatt-
stjóra í síma 563-1112 og
skattstjórar um land allt.**

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“